

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 – 1993

11. ágúst 1993

609

Nr. 320

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum í Berufjarðarál.

1. gr.

Frá kl. 16.00 11. ágúst 1993 til og með 31. ágúst 1993 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði í Berufjarðarál, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°23'N – 13°40'V
2. 64°23'N – 13°20'V
3. 64°12'N – 13°20'V
4. 64°12'N – 13°40'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi kl. 16.00 11. ágúst 1993 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. ágúst 1993.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

10. ágúst 1993

Nr. 321

REGLUGERÐ

um veiðieftirlitsgjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald – veiðieftirlitsgjald – fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á fiskveiðiárinu 1. september 1993 til 31. ágúst 1994, á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 sbr. lög nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 skal greiða fast gjald 12 000 kr.

B 43

Steindórsprent Gutenberg hf.

3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við aflamark af einstökum tegundum metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 96 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni eða er fengið af aflaheimildum Hagræðingarsjóðs skal þó aldrei vera lægra en 2 000 kr.

4. gr.

Fyrir leyfi til að veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald 12 000 kr. fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.18, ufsi 0.50, karfi 0.43, grálúða 0.75, skarkoli 0.87, rækja 0.91, humar 9.81, hörpudiskur 0.39, síld 0.08, loðna 0.05.

6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við afhendingu veiðiheimilda.

Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum sbr. lög nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisjármálum á árinu 1992 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi frá 1. september 1993 reglugerð nr. 298, 10. ágúst 1992, um veiðieftirlitsgjald.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. ágúst 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.